



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um viðbrögð skóla- og frístundasviðs við niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Á fundi borgarráðs, 7. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins:

Á nýafstöðnu farsældarþingi voru kynntar niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir grunnskólanemendur í vor. Sjötta hver stúlka í 10. bekk grunnskóla hefur orðið fyrir alvarlegri kynferðislegri áreitni af hálfu fullorðins. Innan við helmingur þeirra sagði öðrum frá. Þetta er meðal þess sem kom fram í nýrri rannsókn á líðan barna og unglinga. Einnig kom fram að 30-44% barna eru döpur og allt að 56% með kvíða. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig skóla- og frístundasvið hyggist bregðast við þessari bláköldu staðreynd. Skýrt kom einnig fram hjá börnunum sem rætt var við sem og í rannsóknarniðurstöðum að börn vilja hitta fagaðila, sálfræðinga þ.m.t. Þau vilja fá tækifæri til að ræða sín mál beint við fagfólk. Í ljósi langs biðlista eftir fagfólki hjá skólajónustu, nú um 2.550 börn, spyr fulltrúi Flokks fólksins hvernig skólafirvöld hyggjast bregðast við þessum niðurstöðum. Á að láta börn í mikilli vanlíðan bara bíða áfram og biðlistann lengjast með viku hverri? Aukin vanlíðan barna í Reykjavík eru ekki ný tíðindi og hafa verið margrædd í borgarstjórn og þar með talið að börn vilji beinan og óheftan aðgang að fagfólki. Unglingarnir sjálfir, unglingaráðin, hafa ítrekað sent sjálf inn tillögur um að fá greiðari aðgang að sálfræðingum skóla og að skólasálfræðingar séu ávallt staðsettir í skólunum sjálfum.

Svar:

Skóla- og frístundasvið tekur undir það að niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir á vorönn 2023 eru sláandi hvað varðar meðal annars kynferðislega áreitni og líðan barna. Það er einnig ljóst að ungmennaráð hafa ítrekað sent inn tillögur um að fá greiðari aðgang að sálfræðingum í grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar verða teknar alvarlega og unnið verður með niðurstöður hvers grunnskóla fyrir sig í nærumhverfi barnanna. Aðgerðaráætlanir starfsstaða eru unnar út frá fyrirliggjandi gögnum.

Hins vegar verður að nefna að á skóla- og frístundasviði hafa verið uppi áhyggjur af orðalagi spurningalista Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og eftir hverju er verið að leita. Einnig hafa vaknað áleitnar spurningar um hvort að hugtakaskilningur barna og unglinga sé sá sami og fullorðinna. Er sami skilningur á hugtakinu kvíði? Þá getur með engu móti staðist að yfir 25% barna sé með sjálfsvígshugsanir með þeim hætti sem fullorðnir skilja að hafa sjálfsvígshugsanir. Það þarf því að túlka niðurstöður af yfirvegun og fagmennsku svo ekki sé hrapað að niðurstöðu.



Einn af áherslupáttum menntastefnu borgarinnar er félagsfærni. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Annar áherslupáttur er heilbrigði og vellíðan og þar er sérstaklega hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum til að bæta geðheilbrigði, kynheilbrigði, efla þrautseigju og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi. Sérstök áhersla er lögð á forvarnir með fræðslu og opinni umræðu um þau málefni sem geta haft áhrif á hegðun og líðan barna. Þessir áherslupættir, ásamt áherslupættinum sjálfsefling vinna saman að því að bæta líðan barna og sporna gegn depurð og kvíða. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs hafa menntastefnuna að leiðarljósi í sínum starfsáætlunum og allir starfsstaðir eru að vinna þróunarverkefni sem miða að áherslum menntastefnunnar.

Við innleiðingu farsældarlaganna er markvisst verið að auka viðveru fagfólks á miðstöðvunum inni í skóla- og frístundastarfinu sjálfu. Boðleiðir hafa verið styttrar og ætti því aðgengi að fagfólki að vera einfaldara og betra en áður hefur verið. En betur má ef duga skal og eins og fram kemur í minnisblaði frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um beina þjónustu fagfólks í skólum á borgarráðsfundi 30. mars sl. telja fagstjórar grunnskóla þörf á að ráða fleiri fagaðila sem geta stutt við starfsfólk skólanna. Vonast er til þess að með tilkomu lausnarteyma verði hægt að skima og meta stöðu barns og finna aðrar lausnir við vanda barna heldur en að sækja um greiningu hjá sálfræðingi.

Tilkynningum um kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi gegn börnum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Aukninguna má bæði rekja til fleiri tilvika ofbeldis en einnig til þess að fleiri tilkynna ofbeldi en áður. Stafrænt kynferðisofbeldi hefur aukist hratt með sífellt meiri snjalltækja eign og -notkun barna og unglinga en nokkuð mikið er um að börn eigi aðgang að samfélagsmiðlum sem þau hafa ekki aldur til að vera á. Sem dæmi þá kemur fram í rannsókn Fjölmíðlanefndar 2023 að 62% barna í 5. bekk á Íslandi, eða 10 ára gömul börn eiga Tik Tok aðgang en aldurstakmarkið þar er 13 ár.

Undanfarin misseri hefur verulega veið bætt við kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og sífellt fleiri börn og unglingar eru því farin að þekkja einkenni áreitni og ofbeldi og segja frekar frá. Það er vissulega sláandi hversu hár hluti unglingsstúlkna hefur ekki sagt frá þeirri áreitni sem þær hafa orðið fyrir og er það ákall um enn meiri kynfræðslu í skólakerfinu. Samþykkt hefur verið tillaga Reykjavíkurráðs ungmenna um að hraða innleiðingu á verkefni um alhliða kynfræðslu í alla grunnskóla borgarinnar. Verkefnið hefur verið í formi tilraunaverkefnis undanfarin ár í sex grunnskólum en í því er myndað kynfræðsluteymi sem samanstendur af kennurum, forstöðufólki í félagsmiðstöð og skólahjúkrunarfræðingi í hverjum skóla fyrir sig. Lögð er áhersla á að fanga allar hliðar kynheilbrigðis; líkamlegar, andlegar, félagslegar og tilfinningalegar og er slík fræðsla sterkasta forvörnin gegn kynferðisofbeldi.

Jafnréttisskólinn heldur utan um Viku6 sem er árlegt kynheilbrigðisátak í grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Viku6 er ætlað að stuðla að auknu kynheilbrigði unglinga með því að veita þeim hreinskilin svör og upplýsingar ásamt því að reyna að sporna við þeim skökku og skaðlegu skilaboðum sem klámáhorfi fylgja. Áhyggjuefni er hve hátt hlutfall drengja horfir reglulega á klám á netinu en sem dæmi má nefna þá horfa rúm 20% drengja í 8. bekk og 47% drengja í 10. bekk á Íslandi á klám einu sinni í viku til nokkrum sinnum á dag. Í klámi leynist mikið markaleysi, samskiptaleysi, valdaójafnvægi og ofbeldi. Vika6 er mótvægi við klámvæðingunni og er hugsuð sem forvörn gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Því er mikilvægt að allir grunnskólar og allar félagsmiðstöðvar borgarinnar taki virkan þátt í Viku6.

Hjá borginni starfar ráðgjafateymi um óæskilega kynhegðun og kynferðisofbeldi milli barna í skóla- og frístundastarfi og veitir teymið stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning þegar upp koma slík mál. Tryggt er að málin fari í rétt ferli, að tilkynnt sé á rétta staði og að viðbrögð



Reykjavíkurborg

styðji við bæði meinta þolendur, gerendur, bekkjarfélaga, foreldra og starfsfólk. Teymið býður upp á fræðslu eftir þörfum um heilbrigði og óheilbrigði samskipti, klámvæðingu, áreitni og ofbeldi, viðbrögð og helstu úrræði.

Við alla grunnskóla borgarinnar eru starfandi forvarnarteymi gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Teymunum er ætlað að tryggja að allir árgangar skólans fái fræðslu um málefnið í samræmi við aldur og þroska. Einnig ber teyminu að fylgja því eftir að allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi við skólann sitji [netnámskeið frá Barna- og fjölskyldustofu um ofbeldi gegn börnum](#).